



390. Stjórnarfundur haldinn 7. mars. 2012 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

1. Skipting stjórnar.

EH var endurkjörinn formaður Keflavíkur á aðalfundi félagsins 27. febrúar 2012.

EH lagði til að KG yrði varaformaður, SG ritari, ÞMK gjaldkeri og BI meðstjórnandi.

Tillaga formanns samþykkt. Varamenn eru Sveinn Adolfsson, Bjarney S. Snævarsdóttir og Guðjón Axelsson.

2. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

3. Innkominn bréf.

Engin.

4. Send bréf.

Tölvupóstur sendur á ÍSÍ, UMFÍ og ÍRB með lögum félagsins með áorðnum breytingum sem samþykktar voru á aðalfundi félagsins 27. febrúar 2012 til umsagnar.

5 Hringbraut 108.

EH skrifaði undir leigusamning við Guðbjörgu Jónsdóttur v/ áframhaldandi leigu á Hringbraut 108. Leigutíminn er fjórir mánuðir eða til 30 júní 2012. Leigusamningurinn lá fyrir.

6. Önnur mál.

Ákveðið að byrja að funda með stjórnnum deilda. Byrja á fimleika- og körfuknattleiksdeild. Framkvæmdastjóra falið að koma á fundi með þeim í næstu viku.

EH sagði frá því að haldið yrði námskeið í Nora skráningar- og greiðslukerfi á næstunni.

EH sagði frá fundi sem hann og Stefán Thordersen formaður UMFN áttu með Gylfa Jóni sviðstjóra fræðslumál RNB v/ gistingar í skólum bæjarins. EH lagði fram punkta sem ræddir voru á fundinum. EH og Stefán Thordersen munu síðan funda með Gylfa á næstkomandi þriðjudag og ganga frá samkomulagi sem gildir til áramóta 2012-2013. **EH veitt umboð til að ganga frá þessu samkomulagi. Samkomulagið er unnið í samvinnu með formanni unglingaráðs körfunnar og formanni sunddeildar.**

Staðan á væntanlegum aðalfundi körfuknattleiksdeildar. Búið að slá inn bókhald. Eftir að setja upp reikninga. EH og ÞMK sögðu frá fundi sem þeir áttu með Hermanni Helgasyni formanni körfuknattleiksdeildar og Margeiri Margeirssyni körfuknattleiksdeild vegna stöðu mála. Aðalfundur verður væntanlega innan hálf mánaðar.

Allar deildir félagsins eru nú fyrirmyndardeildir ÍSÍ. Skotdeild félagsins fékk viðurkenningu sína afhenta fyrst allra skotdeilda eða félaga á aðalfundi félagsins 27. febrúar 2012. Þar með eru allar deildir komnar með viðurkenningu ÍSÍ um fyrirmyndarfélag. Keflavík er í farabroddi hvað þetta varðar á landinu.

Ákveðið að taka mynd af stjórn félagsins.

Framkvæmdastjóra falið að spyrjast fyrir um þjálfarastyrk Reykjanesbæjar.





Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:20

Fundinn ritaði SG

